

## **Skólaráð Hlíðaskóla**

### **Fundur haldinn 25.2.2022 kl. 8:00**

Viðstaddir: Berglind Stefánsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Brynja Blumenstein, Eyrún Ólafsdóttir, Daniela Gramata, Birkir Már Sævarsson, Þorsteinn Ari Þorsteinsson.

Táknmálstúlkur.

Gestur: Guðrún Björg Ragnarsdóttir

Fundarritun: Svanhildur Þorsteinsdóttir.

#### **Dagskrá**

##### **1. Innra mat í 8 bekk**

Guðrún Björg fór nýverið í vettvangsathuganir í 8.bekk. Farið var inn í 14 skipti í áhorf í 8.bekk, oftast í 8.AS. Í áhorfstímum hefur verið fylgst með kennslustundum þar sem kennari kennir af töflu, fyriræli gefin munnlega og/eða skriflega, kvikmyndir sýndar og einnig kennslustundum þar sem nemendum hefur verið beint að google classroom til að skoða verkefnaýsingu. Nemendur hafa því alltaf fengið fyriræli varðandi verkefni tímans en með ólíkum hætti eins og ætíð er í lifandi stofnunum á borð við skóla. Nemendur hafa fengið tækifæri til að vinna einstaklingslega, með félaga og eins í hópum. Hegðun nemenda hefur að mestu verið ágæt, sterkur grunur er þó hjá deildarstjóra að nemendur hafi gætt sérstaklega að hegðun sinni meðan á áhorfi stóð því kennarar hafa rætt að tímar hafi verið með betra móti og eins vegna þess að hegðun hefur breyst skyndilega þegar deildarstjóri hefur komið inn í stofur. Því má velta vöngum yfir því hversu marktæk niðurstaða úr áhorfi er. Þó er ljóst að hluti nemenda á erfitt með að leggja síma frá sér og/eða slökkva á tölvu þegar verið er í leik. Margir nemendur eru í sínum sínum þegar kennslustundir hefjast og tefja lengi að leggja tæki frá sér, jafnvel allt að fjórðung kennslustundar. Skólaráð veltir fyrir sér hvort skoða þurfi og samræma hver viðbrögð kennara eru við símanotkun.

Skólastjóri telur sig vera með betri yfirsýn yfir stöðuna eftir þetta innra mat. Mikilvægt sé að kennarar tali sig saman um fyriræli almennt. Lausnin á símanotkun í kennslustundum sé símalaus skóli en því miður hafi COVID19 komið í veg fyrir að því yrði hrint í framkvæmd á þessu ári.

Fulltrúi foreldra benti á að mikilvægt væri að foreldrahópurinn fengi að hitta kennarana og ræða þessi mál, m.a. til að stilla saman strengi. Skólastjóri er að skoða það og veltir fyrir sér hvort best væri að gera það bara í upphafi næstu annar í haust.

##### **2. Öskudagur, skertur dagur**

Þar sem ráðstefna fyrir kennara er eftir hádegi á öskudegi samþykkir skólaráð að sá dagur verði skertur en 2.júní verði í staðinn heill dagur.

##### **3. Skóladagatal 2022-2023**

Fyrsta umræða um skóladagatal. Verður haldið áfram á næsta fundi. Skilafrestur er 31. mars

Fundi slitið kl. 8:40